



Alþingi
Erindi nr. P 140/1690
komudagur 12.4.2012

MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. apríl 2012

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um breytingu á lögum um meðferð sakamála, nr. 88/2008, með síðari breytingum (auknar rannsóknarheimildir lögreglu). Lagt fyrir Alþingi á 140. löggjafarþingi 2011–2012, þingskjal 981 – 662. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð sakamála sem veitir lögreglu rýmri rannsóknarheimildir til að sporna við skipulagðri glæpastarfsemi.

Mannréttindaskrifstofan telur þær breytingar sem lagðar eru til með frumvarpinu geta falið í sér talsverðar umbætur við rannsóknir lögreglu og verið mikilvægar í baráttu hennar gegn hvers konar skipulagðri glæpastarfsemi.

Mannréttindaskrifstofan vill þó árétta að með því að veita lögreglu slíkar heimildir er jafnhliða verið að takmarka frelsi einstaklingsins til einkalífs og heimilis, þar sem lögreglu verður gert kleift að hefja rannsóknir og eftirlit með aðilum án þess að fyrir liggi rökstuddur grunur um að tiltekið afbrot hafi verið framið. Rannsóknin fer í raun fram áður en brot er framið og er markmiðið að koma í veg fyrir brot. Með frumvarpinu er því verið að veita lögreglu heimild til að hafa eftirlit með einstaklingum og skerða þannig mannréttindi þeirra án þess að þeir sem eftirlitinu sæta viti af því eða hafi réttarstöðu grunaðs manns í tilteknu sakamáli. Forvirkar rannsóknarheimildir eru afar vandmeðfarnar og er því mjög mikilvægt að tryggja rétta framkvæmd slíkra lagaheimilda með öflugum eftirlitskerfi svo að komið verði í veg fyrir að gripið sé til símhlerana eða annarra rannsóknarheimilda sem skerða friðhelgi einkalífs fólks nema brýna nauðsyn beri til, enda njóta þessi grundvallarmannréttindi víðtækrar lagaverndar, bæði í íslenskum og alþjóðlegum réttarheimildum.

Friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu er verndað í 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Þar segir að ekki mega gera líkamsrannsókn eða leita á manni, leit í húsakynnum hans eða munum, nema skv. dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Það sama á við um rannsókn á skjölum og póstsendingum, símtölum og öðrum fjarskiptum, svo og hvers konar sambærilega skerðingu á einkalífi manns. Undantekning á þessari vernd er í 2. mgr. ákvæðisins þar sem kemur fram að heimilt sé með sérstakri lagaheimild að skerða þetta frelsi einstaklingsins vegna réttinda annarra. Í 8. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu er friðhelgi einkalífs og fjölskyldu einnig verndað. Í 2. mgr. ákvæðisins segir að heimilt sé að ganga á þann rétt skv. lögum ef nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis, almannaheilla, til að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

mannna eða siðgæði eða réttindum og frelsi annarra. Enn fremur er friðhelgi einkalífs vernduð af 17. gr. alþjóðasáttmála Sameinuðu þjóðanna (Sp) um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi frá 1966 þar sem fram kemur að enginn skuli þurfa að þola geðþótta- eða ólögmæta röskun á einkalífi, fjölskyldu, heimili eða bréfaskiptum, eða ólögmætar árásir á heiður eða mannorð sitt, og að allir eigi rétt á lagavernd gegn slíkri röskun eða árás.

Af ofangreindum ákvæðum er ljóst að ríkjum er heimilt að ganga á rétt einstaklingsins til friðhelgis einkalífs, heimilis og fjölskyldu á grundvelli sérstaks lagaboðs sem byggir í raun á hagsmunamati. Þá eru hagsmunir ríkisins af því að vernda borgara gegn glæpum, gæta almannaheilla og þjóðaröryggis taldir vega meira heldur en hagsmunir einstaklingsins sjálfs af því að njóta þessa réttar. Hins vegar ber að hafa í huga að undantekningar frá meginreglunni um friðhelgi einkalífs ber að túlka þröngt og í ljósi meðalhófsreglunnar. Enn fremur er ekki síður mikilvægt að tryggja að ákvæði laga sem heimila lögreglu slíkar rannsóknaraðgerðir séu skýr og afdráttarlaus og að eftirlit með framkvæmd þeirra sé tryggt. Þá er ekki nóg að kveða á um slíkt eftirlit í lagaákvæðum heldur verður eftirlitið að vera raunverulega virkt og tryggja þarf nægilegt fjármagn til þess. Jafnframt verður að tryggja þolendum slíkra rannsóknaraðgerða lögreglu virk úrræði til að bregðast við misnotkun þessara heimilda. Vanda verður því alla vinnu við undirbúning og vinnu slíkrar löggjafar og tryggja að allir aðilar sem koma á einhvern hátt að málaflöknum fái komið sínum sjónarmiðum á framfæri og að leitað verði eftir álitum sérfræðinga og að reynsla og framkvæmd slíkra heimilda í nágrennalöndum okkar verði skoðuð.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri